

Sjötti fundur Hverfisnefndar Lunda-og Gerðahverfis.

Lundarskóli 9.05.2006.

Mætt. Ingibjörg, Bryndís, Ingvar, Aðalbjörn, Sædís, Aðalgeir og Hilmar

Ingibjörg formaður setur fund.

Aðalefni fundarins var að skipuleggja íbúafund þann 16 maí. Fundarmenn skiptu með sér verkum og mun formaður taka að sér að kynna nefndina og þann ramma sem bærinn setur starfsemi hennar. Hilmar mun kynna lög nefndarinnar. Sædís og Bryndís munu kynna verkefnalistann og Ingvar mun halda smá tölu um ferli tengt yfirstandandi breytingum á aðalskipulagi og síðan verða frjálsar umræður um tengibrautir. Einnig var leyst úr ýmsum smámálum sem bjarga þurfti fyrir fundinn.

Annað mál á dagskrá voru gönguferðir hverfisnefndar, gengið mun verða um Lundahverfi 23.maí undir leiðsögn Ingvars Þóroddssonar og Gerðahverfi þann 6.júní undir leiðsögn Aðalgeirs Pálssonar

Einnig var ákveðið að hnika fundartímanum aftur um hálf tíma.

Fundi slitið kl. 21.20.

Sædís